

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á tjáningu, lestur texta, ritun og undirstöðuatriði enskrar málfræði með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Einnig er hugtakið menningarlausni kynnt með umburðarlyndi gagnvart öðrum menningarheimum í huga. Lesnir verða valdir rauntexar, auk þess sem nemandinn les valin skáldverk. Skriflegi þátturinn er þjálfaður með fjölbreyttum æfingum með sérstaka áherslu á formlega ritgerðarsmið þar sem unnið er með upplýsingar sem nemendur afla sér, t.d. á Internetinu.

Kennslan fer öll fram í gegnum lúlvu. Allir lestextar, æfingar og annað sem nemendur þurfa að skoða, nema ein skáldsaga, verður sett á Moodle vefumhverfi. Nemendur þurfa að hafa nýlegan vefskoðara, t.d. Mozilla Firefox eða Google Chrome, í tölvum sínum.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu einkennum enskrar menningar og tungu
- menningu og tungu í enskumælandi samfélögum
- almennum málfræðireglum
- sérkennum ritmáls og talmáls

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita almennum málfræðireglum í ræðu og riti
- nota orðabók og viðeigandi hjálpargögn
- tjá kunnáttu sína skriflega
- lesa og greina bókmenntatexta

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig í ræðu og riti á ensku
- verða sjálfbjarga í upplýsingaöflun á ensku
- geta aflað sér upplýsinga um ensk málsamfélög
- lesa sér til gagns og gamans.

Námsgögn:

- Leskaflar með ýmsum gagnvirkum æfingum - á Moodle
- Ensk málfræði og málnotkun - á Moodle
- Smásögur - á Moodle
- Skáldsaga: *An Eagle in the Snow* eftir Michael Morpurgo — fæst í flestum bókabúðum, en einnig er hægt að fá bæði bók, raubók (Kindle) og hljóðbók á Amazon.co.uk.

Námsmat og vægi námsþátta:

Próf er tekið í skóla í heimabyggð nemandans. Það er tekið í fyrri hluta desember á haustönn en á fyrri hluta maí á vorönn. Próftafla fjarkennsluáfanga verður birt með hæfilegum fyrirvara á hverri önn.

ATHUGAÐU! Komi til þess að próftökustaður krefjist próftökugjalds af nemanda, semur nemandinn sjálfur um það og stendur skil á því við hlutaðeigandi aðila. Próftökugjald er ekki hluti af því gjaldi sem greitt er til Verkenntaskólans á Akureyri.

Kennari nemandans gerir nemandanum grein fyrir niðurstöðu prófsins, þegar fyrirgjöf fyrir það er lokið. Greinargerðin, ásamt einkunn, er send nemanda í Moodle. Auk þess er einkunn færð inn í bókhald skólans. Nemandi getur fengið útskrift skólaferils síns frá skrifstofu skólans.

Á önninni fá nemendur eina annareinkunn samkvæmt skólareglum. Þessi annareinkunn er samsett úr

ENSK2LS05 F

Námsáætlun vorönn 2020

Þessum einkunnum:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Lokapróf	Próf tekið samkvæmt prófatöflu fjarkennslu VMA:	55%	
Smásöguverkefni	Fjögur jafngild verkefni:	15%	
Skáldsöguverkefni	Ritgerð úr skáldsögu:	10%	
	Spurningar úr skáldsögu, fjögur jafngild verkefni:	5%	
Annað	Vikulegar æfingar og verkefni unnin á Moodle, öll jafngild:	15%	
	Samtals:	100%	
Lokaeinkunn verður birt í INNU á því formi sem best hentar.			

Lágmarkseinkunn er 5. Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag nema annað sé tekið fram. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn.

Verði nemandi uppvís að ritstuldi við samningu ritgerða eða annarra verkefna fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.

Áætlun um yfirferð:

Námsefni annarinnar er skipt í þrettán vikur. Námsefni er sett fyrir einu sinni í viku (að öllu jöfnu alltaf sama dag vikunnar) og fylgja því leiðbeiningar í fréttaspjalli og/eða pósti, þar sem greint er frá því hvaða efni skuli unnið og hvernig. Verkefnin koma einnig fram á dagatalinu. Hver fyrirsetning er talin viku vinna og á nemandinn að skila úrlausn sinni innan þess tíma. Þó er gert ráð fyrir því, að nemandinn hafi mest hálfan mánuð (tvær vikur) til þess að skila úrlausn. Dragist skil fram yfir þann tíma, án þess að fullnægjandi skýring sé gefin, er hugsanlegt að svo verði litið á að nemandi hafi ákveðið að hætta námi.

ENSK2LS05 F

Námsáætlun vorönn 2020



Verkefnaskólinn á Akureyri

Week	Lesson	Grammar	Use of English	Literature Vægi námsþátta
1	Titanic		Commas to introduce, commas to separate	Fyrsta smásagan lesin: "The Awful Fate of Melpomenus Jones"
2	Somewhere to live	Modal verbs – ability, permission, and obligation	Commas to enclose, commas to indicate omission, unnecessary commas.	Byrja að hraðlesa skáldsöguna
3	Luck and money	Future Tenses	English weights and measures	Unnin verkefni úr "The Awful Fate of Melpomenus Jones" 3,75%.
4	Family	Reported speech	English weights and measures	<i>An Eagle in the Snow</i> : lesa Part 1, bls 15 til 69. Önnur smásagan lesin: "The Rivals"
5	One Small Step ...	Reported speech, Reported questions	Phrasal verbs	Próf úr Part 1 úr <i>An Eagle in the Snow</i> . 1,25%. Lesa Part 2, bls 71 til 131.
6	Aviatrix		Phrasal verbs	Próf úr Part 2 úr <i>An Eagle in the Snow</i> 1,25%. Lesa Part 3, bls 133 til 184. Unnin verkefni úr "The Rivals" 3,75%.
7	Stratford- Upon- Avon	Future perfect	Phrasal verbs	Próf úr Part 3 úr <i>An Eagle in the Snow</i> 1,25%. Lesa Part 4, bls 187 til 265. Þriðja smásagan lesin: "The Last Tea".
8	It's OK to be Takei	Relative clauses	English idioms	Próf úr Part 4 úr <i>An Eagle in the Snow</i> 1,25%.
9	Graffiti	Relative clauses	English idioms	Unnin verkefni úr "The Last Tea" 3,75%
10	Life Is But a Dream	Active / Passive		Fjórða smásagan lesin: "The First Seven Years"
11	A Narrow Escape	Active / Passive		Skáldsöguritgerð lokið og skilað 10%.
12	Smartphone Addiction		English idioms	Unnin verkefni úr "The First Seven Years" 3,75%
13	Loka frágangur og annarpróf			

Réttur til breytinga er áskilinn. Ef til þess kemur, verður gerð grein fyrir þeim með sérstökum tilkynningum til nemenda.

Dagsetning: 13. janúar 2020


 Undirritun kennara


 Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils